

# Greinargerð

## Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Ingólfshöfða

9. apríl 2019

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í Ingólfshöfða voru lögð fram til kynningar þann 13. september 2018 og umsagnar- og samráðsaðilum og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar og á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Opinn kynningarfundur var haldinn á kynningartíma þar sem þátttakendur fóru yfir drög að áætluninni og settu niður á blað viðbætur, ábendingar og athugasemdir. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 25. október 2018.

Athugasemdir og ábendingar bárust frá 6 aðilum auk þess sem athugasemdir og ábendingar komu fram á kynningarfundinum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum stjórnunar- og verndaráætlunar friðlandið í Ingólfshöfða í kjölfar kynningarferlisins.

### Athugasemdir

#### **Lausaganga hrossa og sauðfjárbætt**

Athugasemdir bárust þess efnis að rökstyðja ætti frekar bann við lausagöngu hrossa en í áætluninni kemur fram að lausaganga hrossa innan friðlandsins er óheimil til verndar lífríkis. Þá var nefnt að það vantaði rökstuðning fyrir því af hverju sauðfjárbætt væri heimil þar sem hún getur einnig haft neikvæð áhrif á lífríki og hamlað því að skógur vaxi innan friðlandsins. Í friðlýsingarskilmálum fyrir friðlandið í Ingólfshöfða kemur fram að hefðbundnar nytjar fá að haldast á svæðinu. Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið felur ekki í sér að skilmálunum verði breytt. Bent er á að í dag eru ekki margar kindur sem fara út í höfðann. Samstarfshópur telur mikilvægt að banna lausagöngu hrossa þar sem gróður er viðkvæmur innan friðlandsins. Bent er á að heimilt er að fara ríðandi út í höfðann á vegslóðanum sem þar er.

#### **Menningarminjar**

Athugasemdir bárust er varðar menningarminjar innan svæðisins og benti Minjastofnun Íslands á mikilvægi þess að hafa samráð við stofnunina varðandi skiltagerð og staðsetningu skilta. Þá gerði stofnunin einnig athugasemdir varðandi mikilvægi þess að skrásetja aðrar minjar en þær sem skráðar hafa verið innan friðlandsins til að hægt sé að fá yfirsýn yfir ástand minjanna og gildi þeirra. Bætt hefur verið inn í áætlunina mikilvægi samráðs við Minjastofnun Íslands varðandi

skiltagerð. Umhverfisstofnun tekur undir þær athugasemdir að mikilvægt er að skrá aðrar minjar innan friðlandsins.

### ***Dýralíf***

Athugasemdir bárust varðandi athugun á áhrif ferðapjónustu á fuglalíf og að best væri ef þeim athugunum yrði haldið áfram og gerðar á fleiri árstíðum og með reglubundnum hætti. Bætt hefur verið í aðgerðaáætlun að halda áfram athugunum á áhrifum ferðapjónustu á fuglalíf í friðlandinu.

### ***Umsjónaraðili friðlandsins***

Athugasemdir bárust er varðar umsjón með friðlandinu og hvort fela eigi ákveðnum aðilum umsjón. Þá var bent á mikilvægi þess að umsjónaraðili þyrfti að vera óháður aðili sem myndi sjá um landvörslu. Að svo stöddu hefur Umhverfisstofnun ekki tekið afstöðu til þess hvernig umsjón verður háttað með friðlandinu.

### ***Aðgengi***

Ábendingar bárust varðandi leiðir út í höfðann og mikilvægi þess að halda leiðunum við, þá sérstaklega leiðinni frá Fagurhólsmýri og svokallaðri Kotaleið, ef þarf að þjónusta vitana eða sjófarendur við ströndina. Þessar leiðir eru illa stikaðar og þyrftu betra viðhald. Bætt hefur verið í aðgerðaáætlun aðgerð um gerð atvinnustefnu fyrir friðlandið, þá munu leiðir út í höfðann vera skilgreindar og eins aðilar sem bera ábyrgð á viðhaldi þeirra.

### ***Jarðvegsrof***

Ábendingar bárust frá Landgræðslu ríkisins varðandi vöktun og að æskilegt væri að stunda vöktun á ástandi jarðvegs og gróðurs til að hægt sé að bregðast tímanlega við mögulegum skemmdum. Árlega er gert ástandsmat innan friðlandsins og fellur eftirlit með jarðvegsrofi þar inn í. Ef nauðsynlegt er að fara út í aðgerðir vegna jarðvegsrofs þá mun Umhverfisstofnun gera það í samráði við Landgræðslu ríkisins. Þá komu ábendingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands um að æskilegt væri að fylgjast með gróðri og vistgerðum með hátt verndargildi. Umhverfisstofnun telur að sú athugun ætti að falla undir vökun Náttúrufræðistofnunar Íslands á friðlýstum svæðum þar sem ekki er gerð krafa um að landverðir séu með þá sérþekkingu sem nauðsynleg er til að meta ólíkar vistgerðir og tegundir með hátt verndargildi.

## **Athugasemdir og aðrar hugmyndir sem fram komu á opnum kynningarfundum**

### ***Aðgengi***

Hugmyndir komu fram um að skilgreina ætti veginn út í höfðann sem þjónustuveg til þess að takmarka aðgengi og að fólk á óhæfum bílum myndi ekki fara út í höfðann. Umhverfisstofnun hefur haldið fund með Vegagerðinni þar sem leitast var eftir að svara spurningum er varðar aðgengi að friðlandinu. Á fundinum kom fram mikilvægi þess að skilgreina vegina út í friðlandið. Bætt hefur verið inn í aðgerðaáætlun að unnin verði atvinnustefna þar sem tekið verður á aðgengi að friðlandinu í samráði við sveitarfélag, Vegagerðina og rétthafa lands.

### **Stikaðar gönguleiðir**

Hugmyndir bárust er varðar frekari stýringu innan friðlandsins og þá að stika gönguleiðir, en gönguleiðir geta verið til þess fallnar að koma í veg fyrir að fólk stígi á fuglsunga, þá sérstaklega skúmsunga. Eins myndu stikaðar gönguleiðir auka öryggi gesta friðlandsins vegna hrunhættu á ákveðnum svæðum. Bætt hefur verið inn í aðgerðaáætlun þeirri aðgerð að stikaðar verði gönguleiðir.

### **Landvarsla**

Upp kom sú ábending að ef til vill væri jákvætt að auka landvörslu á varptíma. Umhverfisstofnun reynir eftir fremsta megni að nýta landvarðavikur eins og kostur er. Stefnt er á að landvörður heimsæki friðlandið að minnsta kosti einu sinni á ári.

### **Örnefni**

Ábendingar komu varðandi mikilvægi þess að skrá niður örnefni friðlandsins og til dæmis hvar menn sigu áður til eggjatínslu. Umhverfisstofnun tekur undir þessa ábendingu. Í aðgerðaáætlun er stefnt að uppfærslu korts um friðlandsins, þar verður stefnt á að taka fyrir örnefnaskráningu.

### **Umsjónaraðilar**

Á kynningarfundum komu upp hugmyndir um að ákveðnir aðilar myndu hafa heimild til að vera með ferðapjónustu út í höfðann og að gerðir yrðu þjónustusamningar við þá aðila. Eins komu hugmyndir um að aðilar þyrftu að sækja um atvinnuleyfi hjá Umhverfisstofnun til að vera með ferðapjónustu í friðlandinu. Umhverfisstofnun hefur bætt inn aðgerð sem miðar að því að vinna að atvinnustefnu innan friðlandsins svo hægt sé að skilgreina betur aðgengi og álag ferðamennsku í friðlandinu.

### **Annað**

Aðrar ábendingar vörðuðu orðlag og framsetningu texta sem var lagað í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Einnig bárust ábendingar frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem unnið var úr.